

Stjórnarfundur í Þyt 31 ágúst 2017

Mættir: Pétur, Markús, Sindri, Árni Þór og Árni Geir. Fundinn sat líka Rebecca, þjálfari.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Formaður gaf skýrslu um samstarf við skátana vegna nýyfirastaðins fjölþjóðlegs skátamóts.
3. Starfið framundan. Formaður vísaði til umræðna síðasta fundar um æfingartíma og sagði nauðsynlegt að festa æfingartímana í dagskrá og auglýsa hana. Markús rifjaði upp tillögurnar. Formaður ræddi gjaldskrármál og kynningar á starfinu. Málið rætt og mikilvægi þess að koma efni í bæjarblöð.
4. Formaður tilkynnti að hann væri langt kominn með vinnslu félagaskrár. Hann mun senda gjaldkera það sem komið er strax eftir fundinn. Einnig tilkynnti hann tilkomu viðverubókar sem þjónar því hlutverki að félagar og gestir skrái sig inn og út úr húsnæði félagsins. Markús lagði áherslu á að komið sé upp skrár fyrir sjálfboðaliðastörf félaga og foreldra við mönnun gæslubáta.
5. Árni Geir ræddi samstarf skóla og siglingaklúbbsins. Markús ræddi ýmsar hliðar á þeirri framkvæmd hér í Hafnarfirði.
6. Formaður upplýsti að hann er byrjaður að taka saman varahlutapörf bátakosts og gera viðhaldsáætlun. Markús og Gunnar Freyr munu koma með innlegg.
7. Formaður skýrði frá áætlun um að flytja Skýjaborgina út úr húsnæðinu. Fullnægjandi upplýsingar um eignarhald liggja ekki fyrir. Þær upplýsingar þurfa að liggja fyrir svo og samkomulag við klúbbinn um framgang verkefnis ef verkinu verður fram haldið í klúbbhúsnæðinu.
8. Upplýst var að drög að geymslusamningum vegna geymslu báta á afgirtu svæði er nánast tilbúnir.
9. Ræddur var samningur við bæinn um viðhald báta og húsnæðis. Árni Geir lagði áherslu á að öllum fjárbeiðnum fylgi áætlun um notkun þeirra fjármuna sem beðið er um. Áætlunum þurfa að fylgja tímatöflur.
10. Formaður fer fram á samþykki fyrir að leggja inn umsókn hjá bæjaryfirvöldum um að færa geymslugám út fyrir girðingu. Samþykkt.
11. Wayfarer. Markús greindi frá að báturinn hafi verið í stöðugri notkun frá því að hann var sjósettur. Formaður greindi frá hvað þarf að gera til að gera hinn bátinn sjófæran. Formaður leggur til að bátarnir verði merktir klúbbnum.
12. Markús ræddi ræstingar á húsnæðinu. Taka þarf ákvörðun um hvernig sé tryggt að séð sé um lágmarksræstingu. Formaður mun vinna að því að fá áætlun um kostnað frá verktaka.
13. Formaður leggur til að viftur verði settar í baðglugga.
14. Formaður greindi frá að hann væri að vinna hugmyndir að aukinni nýtingu svæðisins í kring um klúbbsvæðið.
15. Markús ræddi um að fá kajakmenn á fund til að leggja drög að markvissu kajakstarfi. Áformað er að róðrakeppni sem haldin verður í lok september komi í mark í Hafnarfjarðarhöfn.
16. Sindri og Rebecca báru upp hugmynd varðandi leigu á skútuferðum á Secret bátum félagsins. Formaður lagði áherslu á að hugmyndina þyrfti að útfæra skriflega áður en hægt væri að taka ákveðna afstöðu til hennar.

Ekki fleira gert og fundi slitið.